


Alþingi
Erindi nr. P 139/755
komudagur 7.12.2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis



Landssamtök hjólréiðamanna
www.LHM.is

Reykjavík, 6. desember 2010

Umsögn Landssamtaka hjólréiðamanna vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (hér eftir LHM) eru hagsmunasamtök hjólréiðamanna. Markmið samtakana eru m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem keppnisþrótt, fjölskylduvæna almenningsþrótt, heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngutæki.

Öll stærstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja um 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari alls hjólréiðafólks á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flestöllum löndum Evrópu.

Miðað við innflutningstölur eru líklega talsvert fleiri reiðhjól en bifreiðar á Íslandi og eru hjólin því stærsti einstaki flokkur ökutækja. Þá hafa hjólréiðar aukist mikið að undanförmu og töluverð sóknarfæri eru til staðar til að auka þær enn frekar. Það vekur því furðu að jafnvíðamiklar breytingar og hér stendur til að gera á umhverfi ökutækja skuli ekki bornar undir hagsmunasamtök hjólréiðamanna, og er það ósk LHM samtökin verði höfð með í ráðum í framtíðinni.

Umsögn LHM

LHM telja margt gott í frumvarpinu og það að nokkru gert til þess að ná að samræm[ja skattlagningu ökutækja og eldsneytis [með þau markmið] að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa, auk þess að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins og þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

LHM vekur athygli á því að reiðhjólið er án vafa sparneytnasta og vistvænsta ökutækið sem völ er á, losar minni gróðurhúsalofttegundir en nokkurt annað, brúkar að mestu innlenda orkugjafa (matvæli) auk þess að þurfa mun kostnaðarminni mannvirki en stærri ökutæki, hvort heldur sem talið er í ferkílómetrum vega eða bílastæða. Þá eru ótalin veruleg jákvæð áhrif notkunar þeirra á lýðheilsu. Því telja LHM það skjóta skökku við að skv. frumvarpinu muni ríkið skattleggja reiðhjólið meira en t.d. metanbifreiðar og aðrar bifreiðar sem losa allt að 80 g CO₂/km og sambærilega sparneytna díselbifreiðar (10%.)

Tillaga LHM

LHM telja að 10% tollar á reiðhjól séu því í engu samræmi við það frumvarp sem hér er lagt fram, og hvetja efnahags- og skattanefnd til að fella samhlíða úr tollskrá 10% toll af tollflokki 8712 um reiðhjól, sem og varahluti til þeirra. Væri slíkt í samræmi við þau markmið sem áður var vitnað til um samband skattlagningu og útblásturs ökutækja.

Fyrir hönd Landssamtaka hjólreiðamanna.



Haukur Eggertsson
formaður laganeftdar